

Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. febrúar 2002.

Efni: Frumvarp til laga um bókhald, ársreikninga og tekjuskatt og eignarskatt (347. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Frumvarp þetta felur í sér heimild fyrir fyrirtæki til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Með þessu er stigið verulegt framfaraspor enda er ljóst, að fyrir mörg íslensk fyrirtæki, sem starfa í alþjóðlegu umhverfi, getur verulegur ávinningur falist í þessari heimild. Verslunarráð hefur oft vakið máls á mikilvægi breytingar af þessu tagi og einkum nefnt í því sambandi hagsmuni þeirra íslensku fyrirtækja, sem eru með stóran hluta starfsemi sinnar erlendis, og jafnframt þeirra, sem sækjast eftir lánsfé eða fjárfestingum frá erlendum aðilum. Breyting af þessu tagi er til þess fallin að samanburður á fjárhag íslenskra fyrirtækja við erlenda aðila verður auðveldari, unnt er að draga úr áhrifum gengisbreytinga á afkomuna, erlendir fjárfestar og lánastofnanir eiga auðveldara með að átta sig á fjárhagslegri stöðu fyrirtækjanna og greitt er fyrir stofnun dótturfélaga erlendra fyrirtækja hér á landi og dótturfélaga íslenskra fyrirtækja erlendis.

Ganga þarf lengra og koma í veg fyrir tvíverknað

Í ljósi framangreindra sjónarmiða styður Verslunarráð þá stefnu frumvarpsins, að heimila gerð bókhalds og ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum. Verslunarráð telur hins vegar að frumvarpið gangi of skammt, því þar er enn gert ráð fyrir því að fyrirtæki, sem fá heimild til færslu bókhalds í erlendri mynt, þurfi einnig að færa bókhald í íslenskum krónum og skattskil þeirra skuli byggð á því bókhaldi. Er með öðrum orðum gert ráð fyrir að viðkomandi fyrirtæki haldi bókhald í tveimur gjaldmiðlum. Með þessu væri verið að draga umtalsvert úr því hagræði, sem fyrirtækin gætu haft af því að færa bókhald í þeirri mynt, sem þau kjósa, enda leiðir slíkt bæði til tvíverknaðar við færslu bókhaldsins, erfiðleikar geta verið á því tæknilega, t.d. vegna bókhaldskerfa, og jafnframt getur hið tvöfalda bókhald orðið til þess að misræmi verði í niðurstöðum, eftir því við hvorn gjaldmiðilinn er miðað. Þannig er hætta á að skattlagning þeirra fyrirtækja, sem nota erlenda mynt sem grunneiningu í rekstri sínum en þurfa að telja fram miðað við bókhald í krónum, verði í verulegu ósamræmi við hina raunverulegu afkomu.

Samkvæmt almennum athugasemdum við frumvarpið eru helstu rökin fyrir því að krefjast skattskila í íslensku krónum þau, að skattstofnar og þar með skattlagning fyrirtækja með sambærilega afkomu, geti orðið mismunandi eftir því hvort skattlagningin er byggð á bókhaldi í krónum eða erlendri mynt. Þessi tilvísun til jafnræðis milli fyrirtækja stenst ekki nánari skoðun, enda geta margir

aðrir þættir valdið sambærilegum mun á skattlagningu fyrirtækja. Má þar nefna til dæmis þann mismun, sem getur komið fram á afkomu fyrirtækja vegna þess að skuldir þeirra eru í mismunandi gjaldmiðlum. Þannig geta fyrirtæki, sem skila sömu afkomu fyrir fjármagnsliði og skulda jafn mikið, skilað mismiklum skattskyldum hagnaði eftir því í hvaða mynt þau skulda.

Aðalatriðið í þessu sambandi hlýtur að vera, að samræmi sé milli þeirrar afkomu sem fyrirtækin sýna í bókhaldi og ársreikningum og þeirra skatta sem þau þurfa að greiða. Ef fyrirtæki geta valið að færa bókhald sitt í tilteknum erlendum gjaldmiðli og byggja skattskil á sama grunni, eru þau auðvitað að taka ákveðna áhættu. Breytingar á gengi geta leitt til meiri jafnt sem minni skattskylds hagnaðar en ef bókhaldið og skattskilin færu fram í íslenskum krónum. Gengisáhættan er hins vegar almennt minni en ella, ef bókhaldið og skattskilin fara fram í þeim gjaldmiðli, sem mestu skiptir í rekstrinum. Ætla má að til lengri tíma jafnist sveiflurnar út og skattaleg áhrif verði óveruleg. Að mati Verslunarráðs eru því ekki næg rök til þess að krefjast bókhalds og skattskila í íslenskum krónum af þeim fyrirtækjum, sem fá heimild til að færa bókhald og ársreikninga í erlendra mynt. Jafnræðissjónarmiðin, sem koma fram í greinargerðinni með frumvarpinu réttlæta ekki að lagt sé á þau það óhagræði, sem fylgja myndi slíkri tvöfaldri færslu bókhalds.

Athugasemdir við einstakar greinar

2. gr., 3. mgr.

Með hliðsjón af athugasemdum hér að framan leggur Verslunarráð til að ákvæðið falli brott.

5. gr., 2. mgr. b-liðar

Í greininni er gert ráð fyrir að fyrirtæki sé bundið af ákvörðun sinni um gjaldmiðil í a.m.k. 5 ár. Hér er um afar langan tíma að ræða í rekstri fyrirtækis og jafnvel þótt nauðsynlegt sé að hafa stöðugleika í þessum efnum verður ekki séð að nauðsynlegt sé að binda fyrirtækin svona lengi. Leggur Verslunarráð því til að í stað 5 ára verði miðað við 3 ár.

7. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að umsóknarfrestur um heimild til að færa bókhald og semja ársreikning vegna ársins 2002 renni út 28. febrúar næstkomandi. Var þetta byggt á því að gildistaka laganna yrði 1. janúar 2002. Til þess að gefa eðlilegan frest er nauðsynlegt að færa umsóknarfrestinn aftur um tvo mánuði, til 30. apríl nk.

8. gr.

Í samræmi við athugasemdir hér að framan er lagt til að ákvæðið falli brott.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Verslunarráðs Íslands,

Birgir Ármannsson.